

Stórisjór - jarðfræðiathuganir 1980. Yfirlit

Elsa G. Vilmundardóttir

Greinargerð EGV-80/05

STÓRISJÓR - JARÐFRÆÐIATHUGANIR 1980. YFIRLIT

Jarðfræðilegar aðstæður hafa verið kannaðar nokkuð við Stórasjó s.l. sumar, einkum nálægt hugsanlegum stíflustæðum, þótt farið hafi verið með ánni frá Jökulheimum í Svartakrók. Meira hefur verið athugað svæðið norðvestan ár vegna þess að mun auðveldara er að komast þar að en að ánni suðvestanverðri.

Í grennd við stíflustæðin er berggrunnurinn úr móbergi eða móbergsbreksíu þar sem í hann sést. Stundum er móbergið lítt eða ekki samlímt, einungis samþjappað, eins og dæmi má sjá um með stíflustæði A, báðum megin ár. Ekki er unnt að segja til um innri gerð móbergshæð á stíflustæðinu nema með borunum. Bólstrabergs verður ekki vart við ána á þessum slóðum, en inni í Snjóöldu fjallgarði má sjá hæðir úr bólstrabergi. Útbreiðsla þess hefur ekki verið könnuð, en væri tiltölulega fljótunnið kortlagningarverkefni.

Víðast hvar við ána á þessum slóðum er berggrunnurinn hulinn lausum jarðlögum. Víða má sjá í bökkunum við ána um og yfir 10 m þykk sand- og malarlög. Næst yfirborði eru ca. 2-6 km þykk lög af vikri, aðallega úr tveimur gosum, þ.e. Veiðivatnagosi frá því um 1500 e.kr. Vikurinn er mjög frauðkenndur og oft ónýtur í sér, þ.e. molnar t.d. milli fingra og virðist lítt fallinn til mannvirkjagerðar. Undir vikurlögunum má hins vegar oft finna sand- og malarlög, sem e.t.v. eru nýtileg. Þar má sums staðar greina þrjú ljós, súr gjóskulög. Þau eru:

- 1) Gjóskulag kennt við Grákollu ca. 1500-1800 ára. Það er þunnt, innan við 10 cm.
- 2) Gjóskulag úr Heklu nefnt H₃ 3000 ára, líka þunnt eða innan við 10 cm.
- 3) Gjóskulag úr Heklu, nefnt H₄, ca. 4000 ára. Þykkara eða allt að 50 cm.

Undir H₄ er allt efni basalt að uppruna.

Hæstu bakkar við Tungná úr malar- og sandlögum eru 10-12 m háir.

1980-10-13

Fínkornótt lög, þ.e. úr silti og leir hef ég á þessu svæði fundið einungis í Faxasundi, í um 7 km fjarlægð frá stíflustæði A1. Setið nær um 5 m þykkt í opnu og ofan á eru Gjóskulög frá 900 og yngri. Setið er myndað á fornum vatnsbotni. Þykkt og útbreiðsla hefur ekki verið könnuð, en eftir staðhættum að dæma má ætla að um umtalsvert magn geti verið að ræða.